



Dagsetning: 23. janúar 2025
Málsnúmer: 2410169/0.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Uppfærð ásjón Fjarðabyggðar

Í framhaldi af vinnu við gerð á samskiptastefnu og nýrrar heimasíðu Fjarðabyggðar, þar sem áherslur sveitarfélagsins, framtíðarsýn, gildi, persónuleiki, og lykilskilaboð gagnvart markhópum Fjarðabyggðar eru skilgreind, er að uppfæra ásjón Fjarðabyggðar. Afurð vinnunnar er eins og kom fram í minnisblaði upplýsingafulltrúa til bæjarráðs 25. nóvember síðastliðin, eftirfarandi:

- Grafísk ásjón
 - Nýtt letur Fjarðabyggðar og leturnotkun
 - Litir skilgreindir, formheimur og önnur grafísk element
- Myndastíll
 - Skilgreinum hver stíll sveitarfélagsins er í ljósmyndum og myndböndum
- Nýtt útlit Fjarðabyggðar kynnt á fundi til skoðunar og samþykkis.
- Leiðbeiningar um hvernig má nýta uppfært útlit á nýjum vef Fjarðabyggðar.
- Aðrar afurðir
 - Glærugrunnar
 - Sniðmát fyrir samfélagsmiðla. Sniðmát verður aðgengilegt í Canva og starfsfólk hefur aðgang að því.
 - Bréfsefni
 - Nafnspjöld
 - Undirskriftir

Litapalletta:

Útgangspunktur nýrrar litapallettu byggir á upprunalega bláa og rauða litnum, en þeir hafa verið aðlagðir til að skapa mýkri og nútímalegri heild.

Upprunalegu litirnir höfðu mjög harðan kontrast og má færa rök fyrir því að þeir hafi ekki alltaf unnið vel saman. Nýr blár er djúpur dökkblár sem er látlausari og fagaðri, á meðan rauði liturinn er ljósari og vinalegri.

Út frá þessum litum er hönnuð stærri palletta. Hún nær yfir allar þarfir ásjóndarinnar og endurspeglar gildi og persónuleika Fjarðabyggðar um áreiðanleika og kraft en einnig mýktina í hjálpssemi og fjölskylduvænu samfélagi sem við viljum draga fram.

Í vinnu við gerð samskiptastefnu og mótun samskiptaáætlunar fyrir Fjarðabyggð hafa fjórar megináherslur verið skilgreindar. Starfsemi sveitarfélagsins er flokkuð í þessar fjórar áherslur sem eru nýttar til þess að skerpa á samskiptum sveitarfélagsins inn á við og út á við.

Áherslurnar er:

- Fjölskylduvænt samfélag
- Atvinnulíf



- Þjónusta og uppbygging
- Umhverfi/náttúra/auðlindir.

Litakerfi

Litakerfið er hannað til að endurspegla megináherslurnar fjórar. Hver áhersla fær sinn sértæka lit sem er nýtt á sveigjanlegan hátt.

Með þessum litum er lagður grunnur að skýru og samræmdu sjónrænu kerfi.

Ljósmyndaflakkar

- Fjölskylda
- Atvinnulíf
- Þjónusta og uppbygging
- Umhverfi/ Náttúra/ Auðlindir

Til viðbótar við einkennisliti hvernar áherslu eru þær paraðar viðeigandi ljósmyndir. Þessi litir og myndefni vinna saman að því að skapa sterkt myndmál og ásýnd sem styður við skilaboð sveitarfélagsins og eykur samræmi í framsetningu. Með þessum tólum er hægt að byggja upp sterkt og aðlaðandi sjónrænt tungumál fyrir brandið.

Ljósmyndastíll

Samantekt á ljósmyndum meðfylgjandi skjali sýna drög að myndastíl sem endurspeglar kraft, fegurð og fjölbreytni Fjarðabyggðar. Stíllinn byggir á sterkum, náttúrulegum litum, áherslu á fólk í sínu umhverfi, náttúru og einstökum augnablikum úr samfélaginu. Markmiðið er að skapa heildræna ásýnd sem tengir saman náttúru, mannlíf og framtíðarsýn sveitarfélagsins á sjónrænan hátt.

Fókuspunktur:

- Náttúran sem bakgrunnur og tenging við samfélagi
- Daglegt líf íbúa í sínum fjölbreyttu myndu
- Litir og andrúmsloft sem henta fyrir notkun á mismunandi miðlum
- Kröftugt atvinnulíf og nýsköpun

Uppsetning á efni og sniðmát

Að lokum má finna sniðmát fyrir allt kynningarefni, hvort sem það eru kynningar á glærum, samfélagsmiðlum, heimasíða, prentað efni, undirskriftir, nafnspjöld og fánar.

Haraldur L Haraldsson

Upplýsingafulltrúi